

# ÚRSKURÐUR

um arðskrá fyrir

Veiðifélagið Flóka

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006

um lax- og silungsveiði:

Ásgeir Magnússon héraðsdómari

Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi

Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður

Ár 2015, mánudaginn 2. febrúar kom matsnefnd skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 saman að Laugavegi 3 í Reykjavík. Mættir voru Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður, formaður nefndarinnar, Ásgeir Magnússon héraðsdómari og Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi.

Fyrir var tekið:

**Að kveða upp úrskurð um arðskrá fyrir Veiðifélagið Flóka.**

Er nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi

## úrskurður:

### 1. Beiðni um mat

Með bréfi, dags. 13. nóvember 2012, fór Veiðifélagið Flóki fram á það við matsnefnd að fram færi endurskoðun á gildandi arðskrá veiðifélagsins frá 5. mars 1972 skv. VII. kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Var beiðnin sett fram eftir að félaginu barst beiðni um nýtt arðskrármat frá eigendum Sigríðarstaða og Ness í Flókadal, dags. 10. apríl 2012. Í framhaldi þessa, og í samræmi við 6. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006, tók matsnefndin þetta erindi til meðferðar.

### 2. Matsfundur

Matsfundur með veiðiréttareigendum og/eða fulltrúum þeirra var haldinn laugardaginn 26. júní 2013 í félagsheimilinu Ketilási. Var mál þetta þá tekið fyrir fyrsta sinni í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006. Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndarinnar yrði háttað. Skorað var á fundarmenn að upplýsa hvort þeir gerðu athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins en engar athugasemdir komu fram. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins sem til úrlausnar er, þ.e. nýtt mat á arðskrá fyrir Veiðifélagið Flóka.

Nokkur umræða var á fundinum um hvaða þættir eru lagðir til grundvallar við arðskrárgerð og spurðu nokkrir fundarmanna um einstök atriði og komu sjónarmiðum sínum á framfæri.

Fundarmönnum var boðið að hitta matsmenn einslega eftir fundinn, en þeim var jafnframt kynnt að þeim gæfist síðar kostur á að koma skriflegum greinargerðum og kröfum á framfæri. Þá upplýstu nefndarmenn hvaða gögnum veiðifélagið þyrfti að skila til matsnefndar vegna arðskrárgerðarinnar og hafði formaður félagsins afhent matsmönnum flest þeirra gagna fyrir fundinn. Í sérstakri skrá aftast í matsgerðinni verður vikið að því hvaða gögn matsmenn höfðu til afnota við matið.

### **3. Vettvangsganga o.fl.**

Vettvangsganga var farin morguninn eftir framangreindan fund með veiðifélaginu, eða 27. júní 2013. Var í ferðinni rætt við þá veiðiréttareigendur sem óskuðu eftir að hitta matsnefnd á tilgreindum stöðum og voru aðstæður þar skoðaðar sérstaklega.

Vatnavæðið er leigt út í tvennu lagi. Annars vegar svæðið ofan við Flókadalsvatn en hins vegar Flókadalsvatn og svæðið þar neðan við að ósi í sjó. Veiðitímabil efra svæðisins, neðan afréttargirðingar, er frá 15. júní til 15. september. Leyfilegt er að veiða þar á þrjár stangir í einu en leyfð hámarksveiði á degi hverjum eru 16 fiskar. Engin veiði hefur verið heimil ofan afréttargirðingar en samkvæmt upplýsingum frá veiðifélaginu mun með nýjum leigusamningi fyrir komandi sumar verða heimilt að veiða á tvær stangir, alls fimm daga, á því svæði. Eingöngu verður þar heimilt að veiða á flugu. Veiðimenn skulu sleppa fiski en er þó heimilt að halda eftir fimm fiskum á hvora stöng á hverjum degi.

Veiðitímabil neðra svæðisins er frá 15. júní til 20. september. Á svæðinu hefur verið heimilt að veiða með fimm stöngum í Hópsvatni hvern dag og með tveimur stöngum í Flókadalsá milli vatna og/eða í Flókadalsvatni. Þá hefur einnig verið heimilt að veiða á eina til tvær stangir í Sandósi á dag, í hálfu klst. fyrir og hálfu klst. eftir hvíld, en á sama tíma skyldi fækkað um jafnmargar stangir í Flókadalsá og/eða í Flókadalsvatni. Með nýjum leigusamningi, sem gildir fyrir árin 2015 til 2019, er leigutaka heimilt að veiða með sjö stöngum sem skiptast þannig: Fimm stangir í Hópsvatni og/eða Flókadalsvatni hvern dag og tvær stangir í Flókadalsá milli vatna og/eða Flókadalsvatni. Þá eru veiðar í Sandósi bannaðar, en það ákvæði má endurskoða eftir hvert veiðiár, fyrir næsta veiðiár á eftir.

### **4. Um veiðifélagið**

Nafn félagsins er Veiðifélagið Flóki. Félagið starfar samkvæmt samþykkt nr. 436/2008, sem staðfest var af stjórnslusviði Matvælastofnunar 21. apríl 2008 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 15. maí 2008.

Í 3. gr. samþykktar veiðifélagsins kemur fram að félagið nái til allra jarða sem land eiga og/eða veiðirétt í vatnakerfi félagsins sem nær „frá upptökum Sandóss við sjó“ til upptaka Flókadalsár, fremst í Flókadal.

Samkvæmt 4. gr. er verkefni félagsins að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Þá er félaginu heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

Samkvæmt 6. gr. hefur stjórn félagsins á hendi allar framkvæmdir milli aðalfunda. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar.

Í 11. gr. er kveðið á um að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taki arð.

## **5. Fasteignir sem veiðiréttur fylgir**

Samkvæmt samþykkt veiðifélagsins eru félagsmenn skráðir eigendur eftirtalinna jarða: Ysti-Mór, Mið-Mór, Syðsti-Mór, Sjöundastaðir, Steinhóll, Vestari-Hóll, Sigríðarstaðir, Nes, Neskot, Illugastaðir, Sveitarfélagið Skagafjörður, Krakavellir, Steinavellir, Helgustaðir, Austari-Hóll, Teigar, Stóru-Reykir, Minni-Reykir, Barð, Akrar, Langhús, Haganes I, Haganes II og Brautarholt. Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur viðkomandi jarða.

## **6. Rekstur veiðivatna**

Efra veiðisvæðið var leigt út með leigusamningi, dags. 10. desember 2011, en sá samningur var framlengdur einu sinni. Leigugjald var 1.410.000 krónur vegna ársins 2014. Samkvæmt upplýsingum frá veiðifélaginu mun leigugjaldi fyrir árið 2015 verða 1.200.000 krónur.

Neðra veiðisvæðið hefur verið leigt út með öðrum leigusamningi. Svæðið er leigt beggja megin vatna og ár. Samkvæmt leigusamningi, dags. 28. febrúar 2008, með síðari breytingum, var leigugjald 1.600.000 krónur vegna ársins 2014. Nýr leigusamningur hefur verið gerður fyrir árin 2015 til 2019. Leigugjald er 1.400.000 krónur ár hvert auk þess sem leigutaki sér um allan kostnað við að kaupa og sleppa árlega minnst 2.000 gönguseiðum. Er kostnaður við það metinn 400.000 krónur. Stjórn veiðifélagsins skal meta árangur af seiðasleppingum að þremur árum liðnum og tekur hún ákvörðun um hvort framhald verði á þeim. Skulu tvö síðustu árin greidd með peningum komi ekki til sleppinga. Fari laxveiði yfir 100 laxa á ári skal leiguupphæð tekin til endurskoðunar. Öll netaveiði er bönnuð á félagssvæðinu meðan á veiðitíma stendur.

## **7. Sjónarmið nokkurra eigenda veiðiréttar**

Í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 403/2012 um arðskrá veiðifélaga var öllum eigendum veiðiréttar gefinn kostur á að senda nefndinni skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gætu mat á arði einstakra fasteigna. Var bréf þessa efnis afhent eða sent fulltrúum allra veiðiréttareigenda í kjölfar framangreinds fundar hinn 26. júní 2013. Bárust nefndinni bréf frá nokkrum veiðiréttareigendum og verður hér á eftir vikið að helstu sjónarmiðum er þar koma fram.

### **7.1 Ysti-Mór**

Af hálfu eiganda jarðarinnar er á það bent að frá því gildandi arðskrá fyrir veiðifélagið tók gildi hafi breytingar verið gerðar á lögum um lax- og silungsveiði. Hafi þá verið skert

réttindi sjávarjarða og jarða á ósasvæði við það að afnuminn hafi verið réttur til ádráttar og netalagna. Fram hafi komið í greinargerð með þessum lagabreytingum að taka skuli tillit til þessara skerðinga í arðskrá. Þar sem arðskráin hafi ekkert breyst frá gildistöku þessara lagabreytinga hljóti nú að verða að bæta þessar skerðingar á fyrri réttindum jarðarinnar.

Vakin sé athygli á því að jarðir innan veiðifélagsins sem liggi að Hópsvatni eða Flókadalsvatni hafi þurft að gefa eftir netaveiði sem stunduð hafi verið í þessum vötnum um langt árabil. Hafi þessir veiðiréttareigendur lagt net í vötnin án þess að halda utan um eða skrá afla, allt þar til fyrir nokkrum árum að leigutakar á vatnasvæðinu hafi gert kröfu um það að ekki yrði veitt þar í net á leigutímanum. Með þessu hafi landeigendur gefið eftir rétt sinn til netalagna án þess að fá þau hlunnindi í nokkru bætt.

Í tilefni af ofangreindum athugasemdum óskaði matsnefnd eftir nánari upplýsingum frá eigandanum um framangreindar skerðingar á rétti til ádráttar og netalagna. Í svarbréfi, dags. 12. nóvember 2014, er í fyrsta lagi ítrekað að hlunnindi jarðarinnar vegna ádráttar í sjó hafi verið skert með lagabreytingum, síðast með gildistöku laga nr. 61/2006, en í 15. gr. þeirra sé netalögn og ádráttur bannaður nær ósi en 1.500 til 2.000 m. Með setningu þessara bannákvæða hafi aflagst allur ádráttur í sjó fyrir landi jarðarinnar, sem þar hafi áður verið stundaður. Hafi þetta leitt til tjóns á fjárhagslegum hagsmunum eiganda jarðarinnar, sem beri að bæta, sbr. ákv. 6. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 16. gr. laga nr. 61/2006. Í öðru lagi sé um það að ræða að allt frá árinu 2008 hafi veiðifélagið bannað alla netaveiði á veiðisvæðinu, á veiðitímabilinu 15. júní til 20. september ár hvert, vegna ákvæðis í samningi við leigutaka árinna þar um. Þar með hafi lagst af netalagnir sem einstökum jörðum við Hópsvatn og Flókadalsvatn hafi verið heimilað að leggja í einn sólarhring í viku hverri. Eigendur Ysta-Mós hafi alltaf nýtt sér framangreindan rétt til veiða í Hópsvatni. Hins vegar hafi ekki svo vitað sé verið haldnar skýrslur um þessa veiði en ætla megi að í hlut jarðarinnar hafi komið á bilinu 200 til 400 fiskar yfir sumarið.

## 7.2 Sigríðarstaðir

Fram kemur í greinargerð eigandans að mjög illa hafi verið haldið utan um skráningu á veiði í Flókadalsá. Síðustu veiðitölur sem honum hafi borist í skýrslu stjórnar sýni mjög jafna dreifingu á veiði milli fremra og neðra svæðis árinna, eða 915 bleikjur á neðra svæði á móti 952 bleikjum á fremra svæði. Einnig hafi veiðst 13 laxar á neðra svæði en stundum veiðist lax við Austari-Hólsbrúna á fremra svæðinu í landi Sigríðarstaða og Austari-Hóls. Megi og minna á að töluvert sé um sleppingar á neðra svæði árinna sem þá ýki veiðitölur þar, en sumir fiskar hafi þá veiðst oftast en einu sinni. Megi því sjá að fremra svæðið eitt og sér hafi gefið af sér jafn mikla veiði og hin fjögur svæðin til samans. Þrátt fyrir það beri fremra svæðið 7 til 18 sinnum minna vægi í einingagjöf í arðskrá í matinu frá 1972, sem sé fráleitt. Þýði þetta að Sigríðarstaðir þyrftu að hafa átján sinnum meiri bakkalengd en Sandósinn eða svæðið milli vatna til að ná álíka einingafjölda og þessi svæði hafi, þrátt fyrir að fremra svæðið gefi af sér stóran hluta af heildarveiðinni í ánni. Sé greinilegt að við gerð arðskrármatsins 1972 hafi á engan hátt verið horft með

hlutlægum hætti á gildi veiðistaða, umhverfisfegurð, staðsetningu uppeldisstöðva, bakkalengd eða veiði í ánni, en öll þessi skilyrði séu mjög góð fyrir landi Sigríðarstaða.

Eigandinn krefst þess að Sigríðarstaðir fái hið minnsta jafna skiptingu á bakkalengd á við hæst metnu svæðin tvö á neðra svæðinu, svæðin Sandós og á milli vatna. Þess sé og krafist að við arðskrámat þetta verði ekkert tillit tekið til matsins frá 1972 heldur verði arðskráin metin frá grunni í samræmi við VII. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

### 7.3 Nes

Eigandinn telur að gildandi arðskrá frá árinu 1972 feli í sér verulega mismunun milli veiðisvæða, bæði með tilliti til veiði samkvæmt fyrirliggjandi veiðitölum og bakkalengdar. Ljóst sé að illa hafi verið staðið að skráningu á veiði í Flókadalsá en miðað við þær veiðitölur sem eigandinn hafi séð liggja fyrir að meiri veiði sé á fremra svæði árinna, svæði Ness, en á öllum hinum fjórum veiðisvæðunum til samans, eða 952 bleikjur á móti 915 bleikjum á svæðunum Sandós, Hópsvatn, á milli vatna og í Flókadalsvatni. Einnig sé „mikilvægt að taka fram að veiðitölur telja saman 13 laxa á þessum svæðum“. Þrátt fyrir þetta hafi Nes aðeins fengið eina einingu á 140 m bakkalengd á meðan svæðin Sandós og á milli vatna hafi fengið eina einingu á 8 m, eða 18 sinnum fleiri matseiningar, og hljóti slíkt að vekja furðu.

Eigandinn kveðst verulega ósáttur við þá bakkalengdarmælingu Flókadalsár sem fyrir liggja. Þannig virðist bakki árinna í Neslandinu hafa styst um 151 m á meðan gagnstæður bakki, bakki Austari-Hóls, hafi lengst til muna. Formaður veiðifélagsins hafi fallist á að land Ness verði mælt að nýju og sé þess krafist að það gangi eftir. Þá hafi verið uppi ágreiningur við eiganda Neskots um landamerki jarðanna, en ljóst sé að girðing Neskots milli jarðanna sé töluvert inni í landi Ness. Áætla eigandinn að girðingin liggja um 30 m inni í landi Ness, allt frá hliði niður að á, og að lengd girðingarinnar sé 400 m frá árbakka og að hliðinu. Máli sínu til stuðnings sendi eigandinn matsnefnd vinnuskýrslu frá Tryggva Má Ingvarssyni landfræðingi þar sem m.a. komu fram gps-punktur á landamerkjum jarðarinnar.

Prýðilegt vatnsmagn sé í Flókadalsá fyrir landi jarðarinnar og þar séu fallegir og friðsamlegir veiðistaðir með gott aðgengi og góðri veiði. Þá séu hrygningar- og uppeldis-skilyrði fisks talin góð neðst í Nesánni, þar sem hún renni í Flókadalsá, auk þess sem fiskur gangi upp Nesána, allt að húsunum í Neslandinu.

Loks sé bent á að sameignarland Ness og Neskots, 2,3 km<sup>2</sup> að flatarmáli, skiptist milli jarðanna að jöfnu, en Blikudalsá falli að 1/3 hluta til jarðarinnar Ness. Þannig segi svo í landamerkjabréfi fyrir Nes, sem innfært hafi verið í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu og þinglýst á árinu 1889: „Á Nes og Neskot þannig allan Blikudal og öll svokölluð árlönd við Blikhyrnuna.“

#### **7.4 Neskot**

Eigandi mótmælir því að Nes eigi eitthvert tilkall til Blikuár enda sé sameiginlegt land Ness og Neskots norðan við ána, sbr. meðfylgjandi kaupsamning, dags. 5. ágúst 1953. Þá sé áin ekki fiskgeng nema stutt upp í fjallshlíðina og allt innan Neskots.

#### **7.5 Nes og Neskot**

Í sérstakri yfirlýsingu eigenda þessara jarða, dags. 16. desember 2013, kemur fram að eigandi Ness hafi fengið Tryggva Má Ingvarsson landfræðing til að framkvæma gps-mælingu á landamerkjum þeirrar jarðar, sbr. meðfylgjandi vinnuskýrslu hans. Við þá mælingu hafi komið í ljós að girðing milli jarðanna sé „u.þ.b. 30 til 40 m norðar þar sem mest lætur og nær þessi skekkja frá vel Vestan vegar fyrir ofan hlið og alla leið niður að Flókadalsá og sker girðing þar af leiðandi töluvert af landi Ness“. Eins hafi girðing verið rifin upp á kafla niður við Flókadalsá. Raunveruleg landamerki við Flókadalsá séu við punkt 11 á korti í vinnuskýrslunni. Eigendur Ness og Neskots séu sammála um að þar séu mörk jarðanna en samkomulag sé um að ekki verði hróflað við girðingu Neskots enda séu landamerkin skýr.

#### **7.6 Land Sveitarfélagsins Skagafjarðar ofan afréttargirðingar**

Af hálfu sveitarfélagsins er bent á að engin veiði sé leyfð fyrir þessu landi vegna uppeldisstöðva árinna sem þar séu. Þar sem af því leiði að engin veiðireynsla sé þar til staðar sé eftir því óskað að tekið verði sérstakt tillit til þessarar sérstöðu við arðskrármatið.

### **8. Skipting arðs**

#### **8.1 Almennt**

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 og 1. gr. reglugerðar um arðskrár veiðifélaga nr. 403/2012 er veiðifélagi skylt að láta gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hvernar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 11. gr. samþykka fyrir Veiðifélagið Flóka segir og að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.

Samkvæmt 2. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði skal við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks. Þá er í 7. gr. reglugerðarinnar um arðskrár veiðifélaga nánar kveðið á um þá meginþætti sem taka skal tillit til við niðurjöfnun á veiði eða úthlutun arðs af henni.

Í arðskrármati nú er hafður á sá háttur að 10.000 einingar komi til skipta. Í köflum 8.2, 8.3, 9.1 og 9.2 hér á eftir er greint frá niðurstöðum matsnefndar um það hvernig einingum

er skipt með tilliti til þeirra þátta sem tilteknir eru í framangreindum laga- og reglugerðarákvæðum. Skiptingu eininga á einstaka veiðiréttareigendur má sjá í kafla 10.

## 8.2 Aðstaða til netaveiði og stangveiði

Matsnefnd lítur til þess að réttur til netaveiði er jafngildur rétti til stangveiði. Telur nefndin að jarðir sem lagt hafa af rétt til netaveiði á vatnasvæðinu eigi að fá slíka aðstöðu metna til eininga í arðskrá svo fremi að hlutdeild þeirra í arðskrá vegna stangveiði komi ekki þar í staðinn. Verður í því sambandi að hafa í huga að slíkt bann er sett með hagsmuni heildarinnar í huga, í því skyni að stuðla að aukinni laxgengd upp árnar og aukinni stangveiði á félagssvæðinu.

Eins og rakið er í kafla 7.1 hér að framan vísar eigandi jarðarinnar Ysta-Mós til þess að landeigendur við Hópsvatn og Flókadalsvatn hafi allt frá árinu 2008 þurft að gefa eftir rétt sinn til netaveiða í vötnunum vegna krafna þar um frá leigutökum. Hefur formaður veiðifélagsins staðfest að slíkt bann hafi gilt frá árinu 2008. Fyrir þann tíma hafi gilt sú regla í 10-15 ár að leggja mætti eitt net í hvort vatn og hafi netalögninni þá verið skipt þannig að hver jörð fengi að leggja einn sólarhring í viku. Fyrir þetta hafi verið greiddar 12.000 krónur til veiðifélagsins vegna hvernjar jarðar sem veiðina stundaði. Engar upplýsingar virðast þó liggja fyrir um fjölda veiddra fiska hvernjar jarðar fyrir sig eða heildarnetaveiði í þessum vötnum áður en veiðarnar voru bannaðar með ákvörðun veiðifélagsins, en talsmaður eiganda Ysta-Mós telur veiði jarðarinnar yfir sumarið hafa verið á bilinu 200 til 400 fiskar.

Við mat á því hvort úthluta beri einingum til jarða, þar sem netaveiði var stunduð fyrir veiðibann, verður að hafa í huga þann kostnað sem hver veiðiréttareigandi yrði sjálfur að bera af slíkum veiðum og að aukin verðmætasköpun samfara aukinni stangveiði bætir hag allra félagsmanna veiðifélagsins með hærri útgreiðslu arðs á hverja arðseiningu. Við þetta mat hefur nefndin litið til þess að verðmæti netafisks er nú almennt margfalt minna en verðmæti fisks sem veiddur er á stöng. Með hliðsjón af framangreindu, og þegar einnig er litið til þess að engin gögn liggja fyrir um umfang þessara netaveiða fyrir setningu umrædds veiðibanns, er það niðurstaða matsnefndar að ekki liggi nægilega fyrir að tjón landeigenda við Hópsvatn og Flókadalsvatn vegna bannsins sé meira en nemi úthlutun til þeirra í arðskrá vegna veiði í vötnunum, eins og nánar verður fjallað um hér á eftir. Verður því ekki úthlutað sérstökum einingum vegna umrædds veiðibanns.

Eigandi Ysta-Mós vekur og athygli á því að hlunnindi jarðarinnar vegna ádráttar í sjó hafi verið skert með lagabreytingum frá því gildandi arðskrá fyrir veiðifélagið tók gildi, síðast með gildistöku laga nr. 61/2006, en í 15. gr. þeirra sé netalögn og ádráttur bannaður nær ósi en 1.500 til 2.000 m. Með setningu þessara bannákvæða hafi aflagst allur ádráttur í sjó fyrir landi jarðarinnar, sem þar hafi áður verið stundaður. Hafi þetta leitt til tjóns á fjárhagslegum hagsmunum eiganda jarðarinnar, sem beri að bæta, sbr. ákv. 6. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 16. gr. laga nr. 61/2006. Af þessu tilefni tekur matsnefnd fram að skv. 3. gr. samþykktar veiðifélagsins nær félagssvæði þess frá upptökum Sandóss við sjó og til upptaka Flókadalsár fremst í Flókadal. Getur þegar af þeirri ástæðu ekki komið til álitu að



bæta meint tjón jarðarinnar vegna veiðitakmarkana í sjó neðan Sandóss með úthlutun í arðskrá veiðifélagsins. Nefndin vekur þó athygli á því að skv. 1. mgr. 49. gr. laga nr. 61/2006 kann skerðing á veiðihlunnindum vegna lagasetningar að leiða til bóta úr ríkissjóði en verður ekki bætt í arðskrá á grundvelli 2. mgr. sömu lagagreinar.

Stangveiði á vatnasvæðinu byggist fyrst og fremst á mikilli silungsveiði. Við mat á aðstöðu til stangveiði leggur matsnefnd almennt til grundvallar veiðitölur samkvæmt skilagreinum um skiptingu veiði eftir einstökum veiðistöðum frá gildistöku síðustu arðskrár. Hér háttar hins vegar svo til að ekki liggja fyrir marktækar veiðitölur fyrir allt veiðisvæðið, skráðar á einstaka veiðistaði, nema frá árinu 2006. Í þessari matsgerð verður því miðað við veiðitölur á tímabilinu 2006 til 2014. Á því tímabili veiddust alls 10.686 silungar á veiðisvæðinu en 174 laxar. Er niðurstaða matsnefndar sú að hæfilegt sé að skipta 450 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í laxveiði og 5.000 einingum vegna hlutdeildar þeirra í silungsveiði.

Í Hópsvatni og Flókadalsvatni háttar svo til að veiði er þar ekki skráð á einstaka veiðistaði heldur er hún skráð í einu lagi á hvort vatn fyrir sig. Með hliðsjón af þessari sérstöðu vatnanna tveggja verður einingum til veiðiréttarhafa þar úthlutað þannig vegna aðstöðu til veiði að 1.756 einingar koma í hlut þeirra fimm jarða sem land eiga að Hópsvatni og 973 einingar í hlut sex jarða við Flókadalsvatn. Helmingi þessara eininga er skipt jafnt milli jarðanna við hvort vatn út á almenning þeirra, með tilliti til 6. gr. laga nr. 61/2006, en hinum helmingnum skipt niður á jarðirnar í samræmi við landlengd.

### **8.3 Landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns**

Við mat á vægi þessara viðmiðunarþátta er í senn litið til allra aðstæðna á svæðinu og gætt ákveðins samræmis við fyrri matsgerðir nefndarinnar og matsgerðir yfirmatsnefndar samkvæmt lögum nr. 76/1970. Verður samkvæmt því lagt sjálfstætt mat á gildi mældra lengdareininga bakka eftir því hvar á vatnasvæðinu þeir eru, sem leiðir til mismunandi niðurstöðu um vægi þeirra við úthlutun eininga.

Fyrir matsnefnd liggur bakkalengdarmæling sem gerð var af Kristjáni Ó. Eymundssyni í tilefni af mati þessu. Í greinargerð vegna mælingarinnar, dags. 27. maí 2013, kemur fram að stuðst hafi verið við loftmyndir frá Loftmyndum ehf. sem teknar hafi verið á árinu 2008. Hafi formaður veiðifélagsins ákvarðað landamerki eftir hnitsettri loftmynd. Bakkalengd hafi síðan verið mæld eftir loftmynd milli landamerkjapunkta. Í Hópsvatni og Flókadalsvatni hafi verið mælt eftir vatnsbakka en í Sandósi, svæðinu á milli vatna og í Flókadalsá hafi verið mælt eftir miðlínu meginstraums.

Eins og getið er um í kafla 7.3 hér að framan krafðist eigandi jarðarinnar Ness þess að land jarðarinnar yrði mælt að nýju, með tilliti til samkomulags eigandans við eiganda Neskots, sem lýst er í kafla 7.5. Vegna þessa var mælingamaður beðinn að yfirfara mælingarnar í samræmi við það. Í svari hans til nefndarinnar kom fram að hann hefði yfirfarið mælingarnar og gæti ekki fundið í þeim skekkju. Hann hefði lesið inn gps-punkta sem tilgreindir væru í tilvitnaðri skýrslu vegna landamerkja Ness og Neskots

annars vegar og Sigríðarstaða og Ness hins vegar og borið þá saman við sína punkta í landmælingunni. Þar hefði engu munað á síðarnefndu landamerkjum en á mörkum Ness og Neskots hefði samkvæmt skýrslunni verið tekinn punktur í vörðu við ána en sjálfur hefði hann tekið sinn punkt í miðju árinna. Væri punktur samkvæmt skýrslunni notaður myndi bakkalengd Ness stytta um 6 m. „Það tel ég vera innan skekkjumarka og því ekki þörf á að breyta áðurgefnum mælingum á bakkalengd“, segir að lokum í tölvupóstinum. Með hliðsjón af framangreindu telur matsnefnd rétt að leggja mælingar Kristjáns Ó. Eymundssonar óbreyttar til grundvallar í mati þessu.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 3.850 einingum milli veiðiréttar-eigenda í samræmi við landlengd vatnasvæðisins. Samkvæmt fyrrgreindum viðmiðum fá bakkar Flókadalsár frá afréttargirðingu og 2 km niður ána vægið 0,45. Næstu 2,5 km árinna fá vægið 0,75 en bakkar þaðan allt að ósi í sjó fá vægið 1. Enginn munur er gerður á vægi bakka árinna á síðastgreinda svæðinu eða bökkum vatnanna tveggja sem þar eru.

#### **8.4 Hrygningar- og uppeldisskilyrði**

Við mat á hrygningar- og uppeldisskilyrðum hefur matsnefnd almennt stuðst við sérfræðilegt mat á búsvæðum laxfiska, svokallað búsvæðamat, sé því til að dreifa. Slíkt mat hefur hins vegar ekki verið unnið fyrir Flókadalsá. Af þeim sökum er einingum ekki úthlutað sérstaklega vegna búsvæða.

### **9. Aðrir þættir**

#### **9.1 Þverár**

Í gildandi arðskrá var einingum úthlutað á Syðstamosá, Vestarahólsá, Nesá, Bliká, Illugastaðaá og Brunná. Engin gögn liggja fyrir um veiði í ám þessum og þær hafa hvorki verið lengdarmældar né búsvæðametnar. Eigi að síður telur matsnefnd rök standa til þess að úthluta einingum út á fiskgenga hluta þeirra með tilliti til þess vatns sem árnar skila í Flókadalsá. Niðurstaða matsnefndar er að úthluta vegna þessa eftirtöldum einingum: Syðstamosá 5 einingar, Vestarahólsá 4 einingar, Bliká 10 einingar, Illugastaðaá 5 einingar, Nesá 10 einingar og Brunná 16 einingar. Þessum einingum er skipt á viðkomandi jarðir í samræmi við fyrirbyggjandi eignaskrá frá veiðifélaginu, eins og sjá má í kafla 10 hér á eftir. Undantekning er þó með arðsúthlutun vegna Blikár. Samkvæmt skrá veiðifélagsins tilheyra 60-80% af þeirri á Neskoti en 20-40% Nesi. Hins vegar verður ráðið af fyrirbyggjandi gögnum, m.a. greinargerð um landamerki jarðarinnar Ness í Fljóttum, að sú jörð eigi einungis land að Bliká þar sem hún er ófiskgeng. Með hliðsjón af því verður öllum einingum vegna Blikár úthlutað til jarðarinnar Neskots.

#### **9.2 Friðun**

Samkvæmt leigusamningi hefur veiðimönnum ekki verið heimilt að veiða í Sandósi nema eina klukkustund á dag og þá með einni til tveimur stöngum. Með nýjum leigusamningi eru allar veiðar aflagðar á þessum stað. Matsnefnd lítur á þetta sem veiðitakmörkun, fyrst og fremst gerða til þess að auðvelda fiskum för upp á aðra veiðistaði. Telur nefndin því

rétt að úthluta eiganda þessa svæðis 350 einingum vegna þessara takmarkana auk úthlutunar eininga í samræmi við veiði og landlengd á svæðinu.

Efsta svæði árinna er friðað fyrir allri veiði, eins og fram kemur í bréfi eiganda þess í kafla 7.6 hér að framan og leigusamningi um ána. Af þeim sökum er það niðurstaða matsnefndar að úthluta skuli 300 einingum á þetta svæði, enda er þar engin veiðireynsla og engum einingum úthlutað þar út á landlengd.

## 10. Skipting eininga

Matseining	Land	Veiði	Þverár	Friðun	Heild
Ysti-Mór	473	849		350	<b>1.672</b>
Mið-Mór	73	337			<b>410</b>
Syðsti-Mór	164	238	5		<b>407</b>
Sjöundarstaðir	200	144			<b>344</b>
Steinhóll	137		2		<b>139</b>
Vestari-Hóll	157	3	2		<b>162</b>
Sigríðarstaðir	226	526			<b>752</b>
Nes	92	11	10		<b>113</b>
Neskot	217	49	15		<b>281</b>
Illugastaðir	166	288			<b>454</b>
Krakavellir	63	276			<b>339</b>
Steinavellir	135	13			<b>148</b>
Helgustaðir	208	56			<b>264</b>
Austari-Hóll	237	507			<b>744</b>
Teigar	79	24			<b>103</b>
Stóru-Reykir	297	3	4		<b>304</b>
Minni-Reykir	144	113	4		<b>261</b>
Barð	95	172	8		<b>275</b>
Akrar	175	387			<b>562</b>
Langhús	246	603			<b>849</b>
Efra-Haganes 1*	100	319			<b>419</b>
Efra-Haganes 2*	133	426			<b>559</b>
Brautarholt	33	106			<b>139</b>
Sveitarfélagið				300	<b>300</b>
	3.850	5.450	50	650	10.000

\*Samkvæmt þjóðskrá heita Haganesarðirnar, sem tilgreindar eru í samþykktum Efra-Haganes 1 og Efra-Haganes 2 og eru þau heiti notuð við úthlutun eininga.

## 11. Kostnaður og gildistaka

Allur kostnaður af mati þessu, 3.239.424 krónur án virðisaukaskatts, greiðist af Veiðifélaginu Flóka og rennur hann í ríkissjóð.

Arðskrá þessi tekur gildi daginn eftir birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um arðskrár veiðifélaga nr. 403/2012.

## Úrskurðarorð:

Arðskrá fyrir Veiðifélagið Flóka í Skagafirði skal vera sem hér greinir:

	Einingar
Ysti-Mór	1.672
Mið-Mór	410
Syðsti-Mór	407
Sjöundarstaðir	344
Steinhóll	139
Vestari-Hóll	162
Sigríðarstaðir	752
Nes	113
Neskot	281
Illugastaðir	454
Krakavellir	339
Steinavellir	148
Helgustaðir	264
Austari-Hóll	744
Teigar	103
Stóru-Reykir	304
Minni-Reykir	261
Barð	275
Akrar	562
Langhús	849
Efra-Haganes 1	419
Efra-Haganes 2	559
Brautarholt	139
Sveitarfélagið Skagafjörður	300

**Samtals 10.000**

Reykjavík 2. febrúar 2015.

Hulda Rós Rúriksdóttir

sign.

Ásgeir Magnússon

sign.

Magnús Ólafsson

sign.

## Gögn til afnota við matsgerð

### A. Gögn um veiði

1. Yfirlit yfir veiðitölur vegna stangveiði á tímabilinu 2002-2014.

### B. Gögn um land, leigusamningar o.fl

- 1 Skýrsla Kristjáns Ó. Eymundssonar um bakkamælingu, dags. 27. maí 2013.
- 2 Mælikort af vatnasvæðinu.
- 3 Tölvupóstur frá Kristjáni Ó. Eymundssyni, dags. 19. nóvember 2014.
- 4 Leigusamningar um veiðirétt, dags. 28. febrúar 2008 og í janúar 2010, ásamt viðauka við leigusamning, dags. 7. nóvember 2011.
- 5 Leigusamningur um veiðirétt, dags. 10. desember 2011.
- 6 Leigusamningur um veiðirétt, dags. í desember 2014.
- 7 Skrá um veiðistaði og eignarhald.

### C. Arðskrár

1. Arðskrá fyrir Veiðifélagið Flóka, samþykkt 5. mars 1972.

### D. Bréf frá eigendum veiðiréttar

1. Bréf Stefáns Loga Haraldssonar, f.h. stjórnar Ysta-Mós ehf., dags. 26. júní 2013.
2. Tölvupóstur frá Jóni Helga Guðmundssyni, dags. 20. júlí 2013.
3. Bréf Arnórs Gunnarssonar, f.h. Sveitarfélagsins Skagafjarðar, dags. 19. ágúst 2013.
4. Bréf Þórunnar Skaptadóttur, eiganda Ness, dags. 15. ágúst 2013, ásamt myndum og fylgigögnum.
5. Bréf Runólfs Sigurðssonar, eiganda Sigríðarstaða, dags. 15. ágúst 2013, ásamt myndum og fylgigögnum.
6. Samkomulag eigenda jarðanna Ness og Neskots um merki milli jarðanna, dags. 16. desember 2013, ásamt fylgigögnum.
7. Bréf Hermanns Björnssonar, stjórnarformanns Ysta-Mós ehf., dags. 19. ágúst 2013.
8. Tölvupóstur frá Jóni Helga Guðmundssyni, dags. 6. júní 2014, ásamt afriti af kaupsamningi, dags. 5. ágúst 1953.
9. Tölvupóstar frá Runólfi Sigurðssyni, dags. 8. og 19. október 2014, ásamt vinnuskýrslu Tryggva Más Ingvarssonar vegna landamerkja jarðarinnar Ness.
10. Tölvupóstur frá Runólfi Sigurðssyni, dags. 22. október 2014.
11. Bréf Hermanns Björnssonar, stjórnarformanns Ysta-Mós ehf., dags. 12. nóvember 2014.
12. Landskiptasamningur Efra-Haganess 1 og Brautarholts, dags. 1. júlí 2010.

### E. Bréf, fundargerðir, samþykktir o.fl.

1. Bréf formanns veiðifélagsins, dags. 13. nóvember 2012, ásamt afriti af bréfi eigenda Sigríðarstaða og Ness. Beiðni um arðskrá.
2. Bréf matsnefndar til veiðifélagsins, dags. 15. apríl 2013. Beiðni um gögn.
3. Bréf matsnefndar til veiðifélagsins, dags. 23. apríl 2013. Beiðni um boðun fundar.
4. Bréf matsnefndar til veiðiréttareigenda, dags. 26. júní 2013. Frestur vegna greinargerða.
5. Bréf matsnefndar til Jóns Helga Guðmundssonar, dags. 2. júní 2014.
6. Bréf matsnefndar til formanns veiðifélagsins, dags. 29. september 2014.
7. Bréf matsnefndar til Þórunnar Skaptadóttur, dags. 29. september 2014.
8. Bréf matsnefndar til Hermanns Björnssonar, f.h. Ysta-Mós ehf., dags. 24. október 2014.
9. Bréf matsnefndar til formanns veiðifélagsins, dags. 19. nóvember 2014.
10. Fundargerð, dags. 26. júní 2013.
11. Samþykkt fyrir Veiðifélagið Flóka.
12. Rekstrarreikningur veiðifélagsins 2010, 2011 og 2012.
13. Bréf stjórnar Veiðifélagsins Flóka til matsnefndar, dags. 6. desember 2014, ásamt skýrslu Tuma Tómassonar um ástand bleikjustofns í október 2003.